

239. fundur Skólanefndar FS

22. febrúar 2000



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Pétur Brynjarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.


Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Kynningarmál.

1. Kynningarmál.

Rætt um kynningu á skólanum í grunnskólum. Skólameistari sagði frá því hvernig kynningunni hefur verið háttað. Rætt um mikilvægi kynningarinnar og hvernig hún getur orðið sem öflugust. M.a. rætt um auglýsingar, notkun margmiðlunarefnis og annað sem gæti nýst til að kynna skólann. Lagt til að í framtíðinni verði hugað að því að koma upp leikskóla fyrir börn nemenda og kennara í skólanum. Þar gætu nemendur einnig öðlast starfsþjálfun í umönnun barna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari